

Sæll Tómas og takk fyrir.

Spurt er um:

1. Þurfa allir verktakar með samkomulag við Sinnum að sækja sérstaklega um starfsleyfi? Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (GEF) hefur verið falið að annast meðferð og afgreiðslu umsókna um starfsleyfi. Meðferð umsókna markast öðru fremur af lagarammanum sem gildir um ferlið og fer þar fremst í flokki [reglugerð um starfsleyfi til félagasamtaka, sjálfseignarstofnana og annarra þjónustu- og rekstraraðila sem veita þjónustu við fatlað fólk](#). Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar er „starfsleyfishafa...óheimilt að semja við þriðja aðila um að annast einhverja þá þætti sem liggja til grundvallar veitingu starfsleyfis nema viðsemjandi hafi gilt starfsleyfi til þess þáttar sem um ræðir.“ Þannig að svarið er já, allir verktakar með samkomulag við Sinnum þurfa að sækja um starfsleyfi, í samræmi við gildandi lagaumhverfi.

2. Er ekki nóg að Sinnum fái starfsleyfi og tæki svo ábyrgð á verktökum sem fyrirtækið gerir samkomulag við?
Sjá svar við spurningunni eitt, hér að ofan.

3. Notendur í notendaráði hafa (að öllum líkindum) ekki þekkingu á starfi umsækjanda, menntun eða hvernig hann uppfyllir ýmsar kröfur sem gerðar eru til verktaka sem sinna heimaþjónustu. Hvaða forsendur hefur ráðið til að veita umsögn sem byggist aðeins á umsókninni?
Raminn utan um meðferð starfsleyfisumsókna er settur með starfsleyfisreglugerðinni, sem ég vísaði í hér áðan. Þar er kveðið á um aflu skuli umsagnar notendaráðs fatlaðs fólks í því sveitarfélagi sem starfsemin er, áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til afgreiðslu. Því er óskað eftir umsögninni og hvort notendaráðið hafi einhverjar athugasemdir við veitingu starfsleyfis til þessara aðila.

4. Þarf notendaráðið í hvert sinn að óska sérstaklega eftir fylgigögnum sem eiga að fylgja starfsleyfisumsókn ef það vill fá frekari upplýsignar um umsækjanda?
Já, þess þarf.

Bestu kveðjur,
Rósa